

SHAUÐOR
skoðun 12



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Fasteignir.is



Færanleg hönnun
Hönnunarteymið Bility
ætlað að selja vörur sínar
á færanlegum vagni á
sólríkum dögum í sumar.
FÓLK



FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

9. júlí 2012
159. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt þeirri töluráðgjafi Capacent Gallup í maí - maí 2012



Með sumarsmell

Leikarinn Þorvaldur Davíð Kristjánsson gefur út smellinn *Án minna vængja*.

poppr 26

Sambönd frá öllum hliðum

Rúnar Helgi Vignisson færst við ást í meinum.

tímamót 14



Barist í bikarnum

KR, Grindavík og Þróttur komust í undanúrslit bikarkeppinnar í gær.

sport 22

veðrið í dag



VÆTA SA-TIL Í dag verða norðaustan 8-13 m/s, dálítill væta SA-til en annars yfirleitt þurr og léttir til V-lands. Hiti 8-16 stig, mildast SV-lands.

VEÐUR 4

Gera ráð fyrir 14.500 nýjum íbúðum í Reykjavík til 2030

Reykvíkingum mun fjölga um 25 þúsund til ársins 2030 gangi spár eftir. Gert er ráð fyrir 14.500 nýjum íbúðum eða um 800 á ári. Langstærstur hluti þeirra verður vestan Elliðaána. Engin ný hverfi verða til.

SKIPULAGSMÁL Samkvæmt spám um íbúðaprógn mun Reykvíkingum fjölga um að minnsta kosti 25 þúsund fram til ársins 2030. Til að mæta þessu verða reistar 14.500 íbúðir í borginni. Það gerir að meðaltali um 800 íbúðir á ári. Þetta kemur fram í vinnu við aðalskipulag borgarinnar.

Fjölguninni á að ná með þéttingu byggðar, en ekki nýjum hverfum. Af þessum 14.500 nýju íbúðum verða 12.200 í Vatnsmýrinni, miðborginni og Elliðaárvogi, en allt að 90% nýrra íbúða á skipulagstímabilinu eiga að rísa innan núverandi þéttbýlismarka.

Vinna við endurskoðun á aðal-

Íbúðir sem byrjað er á*	
2004	885
2005	1.257
2006	670
2007	419
2008	206
2009	247
2010	14
2011	113

*Hafin smíði á íbúðum á árinu

skipulagi Reykjavíkur 2001 til 2024 er langt komin, en endurskoðunin nær til ársins 2030. Hugmyndir um þéttingu byggðar hafa verið kynntar á hverfafundum og reiknað er með að skipulagið verði að lögum

með undirritun ráðherra fyrir vorið. Auk íbúðahúsnæðis á að reisa að lágmarki eina milljón fermetra af atvinnuhúsnæði. Þá er gert ráð fyrir að ekki færri en 18 þúsund ný störf verði til í borginni til ársins 2030.

Hjálmar Sveinsson, varaformaður skipulagsráðs Reykjavíkur, segir að þegar sé hafin vinna við þéttingu byggðar, með byggingu 280 íbúða í Vatnsmýrinni. Þá sé fjöldi svæða tilbúinn eða á lokastigi skipulags, svo sem reitur við Einholt og Þverholt, Hampiðjureiturinn, Hafnarsvæðið, Héðinsreitur, Lýsisreitur, Byko-reitur og Landhelgisreitur.

„Ef við leggjum þessi svæði saman þá geta risið þar allt að 1.000

íbúðir án þess að það sé eitt einasta hús rífið eða í rauninni þrengt að nokkrum. Þetta eru í rauninni aflagðar atvinnu- og iðnaðarlóðir og í raun og veru er þetta allt tilbúið til byggingar.“

Magnús Stefánsson, formaður Meistarafélags húsasmíða, segir að verði þessar áætlanir að veruleika þýði það mikla sprautu inn í atvinnulífið. „Þetta eru gríðarlega góðar fréttir fyrir geirann.“

Samkvæmt tölum frá Meistarafélaginu voru á árunum 1972 til 2007 byggðar 24 þúsund íbúðir í Reykjavík. Það þýðir 660 íbúðir að meðaltali, umtalsvert færri en fyrirhugaðar eru nú. - kóp / sjá síðu 6



Í MINNINGU INGIBJARGAR Háttíðarsamkoma var haldin í Alþingishúsinu í gær í tilefni þess að 90 ár voru liðin frá því að Ingibjörg H. Bjarnason tók þar sæti, fyrst kvenna. Öllum konum sem setið hafa á þingi var boðið sem og Hæstaréttadómurum og Vígðisi Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta. **Sjá síðu 8**

Fyrsti Íslendingurinn í UFC:

Gunnar búinn að skrifa undir

ÍÞRÓTTIR Bardagakappinn Gunnar Nelson hefur skrifað undir samning við UFC-bardagasambandið (Ultimate Fighting Championship) en hann er þar með kominn í hóp bestu bardagamanna heims.

Gunnar er fyrsti Íslendingurinn til að gera slíkan samning.

Fram kom í Fréttablaðinu á þriðjudag að Gunnar ætti í samningaviðræðum við UFC og að fyrsti bardagi hans innan UFC yrði í Nottingham á Englandi í lok september. Það hefur þó ekki fengið staðfest.

Samkvæmt erlendum vefsíðum mun Gunnar heyja fjóra bardaga hið minnsta innan UFC. - kh



GUNNAR NELSON

Kaffirjómi
Frábær út í kaffið og til matargerðar.

Geymslupólin mjólkurvara

ms.is

Brasilísk lögregla segir Svedda tönn stóran hákarl í alþjóðlegri glæpastarfsemi: Flúði níu ára fangelsisdóm á Spáni

LÖGREGLUMÁL Sverrir Þór Gunnarsson, Sveddi tönn, er með níu ára óafplánaðan fangelsisdóm á bakinu á Spáni fyrir fíkniefnasmygl. Hann lagði á flóttu eftir að dómurinn féll og síðan hefur hann verið eftirlýstur af spænskum yfirvöldum.

Þetta kemur fram á brasilíska fréttavefnum Globo. Þar segir jafnframt að alþjóðalögreglan Interpol hafi verið látin vita þegar Sverrir

var handtekinn í Rio de Janeiro fyrir viku og nú sé það undir Hæstarétti Brasilíu komið hvort hann verði framseldur til Spánar til að afplána refsinguna.

Sverrir var handtekinn eftir að mikið magn af e-töflum fannst í farangri ungrar stúlku, sem vísaði strax á kærasta sinn og Sverri sem skipuleggjendur smygilsins. Henni var sleppt úr haldi vegna þess hve

samvinnufús hún var. E-töflurnar reyndust vera 50.900 talsins.

Sverrir, sem kom til landsins á fölsku vegabréfi, hefur neitað að tjá sig um málið við lögreglu.

„Það má segja að við höfum varpað út neti til að veiða fiska en fangað stóran hákarl í alþjóðlegri glæpastarfsemi,“ segir Ricardo Bechara hjá ríkislögreglunni í samtali við Globo. - sh

Skagfirskur sveitabiti

Mýksti brauðosturinn á markaðnum. Fáanlegur 26% og 17%.

NÝJUNG

20% Pakklætisafsláttur

AF SLÖKUN ÚT JÚLÍ

Þökkum fyrir þær frábæru viðtökur sem SLÖKUN hefur fengið á Íslandi.



Einar, eru brögð í tafli?

„Nei nei, það eru spennandi tímar fram undan og engin brögð í tafli.“

Forsvarsmenn Hins íslenska töframannagildis eru efins um bakgrunn og fullyrðingar töframansins Einars Sveinssonar og saka hann um lygar.

Umsókn Sæferða hafnað:

Siglingar að arnarhreiðrum óheimilar

NÁTTÚRUVERND Umhverfisstofnun hefur hafnað umsókn Sæferða í Stykkishólmi um undanþágu til að sigla að arnarhreiðrum í Seley og Skjaldarey á Breiðafirði.

Íslenski haförnninn er alfriðaður og frá 15. mars til 15. ágúst er óheimilt að koma nær arnarhreiðrum en 500 metra nema brýna nauðsyn beri til. Undanþágur eru þó veittar að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar.

Við vinnslu umsóknar Sæferða um undanþágu bærust Umhverfisstofnun ábendingar um að fyrirtækið hefði þegar og án leyfis hafið siglingar nærri arnarhreiðrum.

Á vefsíðu stofnunarinnar segir að fleiri ferðir hafi verið farnar að hreiðrum í fyrra en gert var að skilyrði í þágildandi leyfi.

- ibs

Könnun á viðhorfi Dana:

Fjórðungur vill dansa og iðka jóga í kirkjunni

DANMÖRK Fjórði hver Dani kæmi oftast í kirkju ef þar væri boðið upp á dans, jóga og heilun auk ýmislegs annars.

Þetta eru niðurstöður könnunar sem Kristilega dagblaðið í Danmörku lét gera.

Sóknarpresturinn Kristian Høeg við Messíaskirkjuna í Charlottenlund við Kaupmannahöfn segir að kirkjan eigi að taka niðurstöðurnar alvarlega. Hann hefur efnt til dansæfinga og hindúásöngva í kirkju sinni.

Hins vegar segja tveir þriðjuhlutar, eða 62 prósent, að þeir myndu koma sjaldnar í kirkju ef slíkt væri á dagskrá.

- ibs

Lögregla hafði í nægu að snúast og einn slasaðist alvarlega í sprengingu:

Kærði nauðgun á Bestu útihátíðinni

LÖGREGLUMÁL Ein nauðgun var kærð til lögreglu á Bestu hátíðinni sem fram fór á Gaddstaðafötum við Hellu um helgina.

Málið kom upp aðfaranótt laugardags og var farið með konuna á Neyðarmóttöku fórnarlamba fyrir kynferðisbrot í Reykjavík. Einn var handtekinn vegna málsins. Þá var annar maður handtekinn sömu nótt vegna líkamsárásar.

Eitt alvarlegt vinnuslys varð á hátíðinni þegar starfsmaður á litboltasvæði var að setja þrýstiloft á byssu. Þrýstihylkið sprakk og starfsmaðurinn brenndist illa.

Hann var fluttur með sjúkrabíl á Landspítalann í Reykjavík og liggur þar enn þungt haldinn.

Alls voru um fimm þúsund manns samankomnir á hátíðinni, sem að sögn lögreglu gekk nokkuð vel fyrir sig, þótt upp hafi komið rúmlega 50 fíkniefnamál, auk þess sem að framan greinir.

Við heimför í gær var hver einasti ökumaður látinn blása í áfengismæli og voru nokkur dæmi þess að fólk væri stöðvað og svipt ökuréttindum eftir að hafa ekið nokkra metra út af hátíðarsvæðinu.

- sh



BEIÐ EFTIR MÆLINGU Áður en fólk hélt á brott í gær stillti það sér upp í röð og blés í áfengismæli.

MYND/STÖB 2

Órangútan fær aðstoð:

Api getur ekki hætt að reykja

INDÓNESÍA, AP Órangútanapinn Tori hefur reykt sigarettur í tíu ár og getur ekki hætt.

Yfirstjórn dýragarðsins í Indónesíu, þar sem Tori er höfð inni-lokuð, hafa nú ákveðið að hlífa henni við heimsóknnum gesta í von um að hún geti þá látið af þessum leiða vana.

Það eru fyrst og fremst gestirnir sem viðhalda reykningum apans, því þeir henda stöðugt sigarettum inn í búrið til Tori í von um að ná góðum myndum af henni við að púa þær.

- gb

Ferðast á rafhjóli til vinnu allar árstíðir

Bjarni Jakob ferðast á rafknúnu hjóli í og úr vinnu dag hvern. Ekkert veður fær hann stöðvað. Á vetrum hjólar hann á nagladekkjum og notar mótörinn til að auðvelda ferðina. Borgin ætti að íhuga að stytta hjólreiðastíga, segir Bjarni.

FÓLK Bjarni Jakob Gíslason, íbúi í Norðlingaholti, hjólar alla daga í og úr vinnu á Háaleitisbraut í Reykjavík. Hann notar við rafmótorknúið hjól sem auðveldar honum ferðina á vetrum þegar þyngra reynist að stíga hjólið áfram.

„Þetta er ekki löng leið, hún er svona tíu kílómetrar og ég er korter heim til mín,“ segir Bjarni. „Ég nota rafmagnshjólið mest-megnis yfir veturinn og hef svo annað venjulegt hjól sem ég nota þegar betur viðrör.“

„Ég nota rafmagnshjólið yfir sumarið líka. Við þurfum ekki tvo bíla á heimilinu þegar ég með svo öflugt hjól. Ef ég þarf að sækja börnin á leikskóla eða vera snöggur á milli fer ég á rafmagnshjólinu.“

Rafhjól heitir fyrirtækið sem breytir venjulegum reiðhjólum og kemur rafmótörnum og rafhlöðum fyrir. „Mótörinn er 500 vött og hann er festur inn í gjörðina að aftan. Rafhlöðurnar eru 48 volt sem er í stöllu á milli lappanna. Svo hefur maður inngjöf eins og á vespu.“

EKKI er nauðsynlegt að hafa keðju á hjólinu því mótörinn getur séð um að knýja hjólið sjálfur. Bjarni ákvað að halda keðjunni og segist hjálpa hjólinu upp brekkur. „Þegar ég er að fara upp brekkur þá hámarka ég hraðann með því að stíga með.“

„Í vetur var þetta tær snilld. Fólk sat fast í bílunum sínum út um allt í ömurlegri færð. Þá var ég með 360 nagla í hvoru dekki og dúndraðist fram hjá eins og geðsjúklingur. Það er ekkert veður sem heldur aftur af þér þegar þú ert á rafmagnshjóli.“



HRAUSTIR Bjarni Jakob og sonur hans eru hraustir á hjólum sínum. Bjarni hjólar til og frá vinnu alla daga, allan ársins hring.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Í vetur var þetta tær snilld. Fólk sat fast í bílunum sínum út um allt í ömurlegri færð.“

BJARNI JAKOB GÍSLASON
HJÓLREIÐAMAÐUR

Spurður hvort hann hjóli á götum segir hann það fara eftir umferð enda eru hjólreiðamenn gestir á göngustígum þar sem gangandi vegfarendur ráða ríkjum. „Það fer eftir umferð hvort ég hjóli á götum. Ef það er mikið af fólki á göngustígum þá hjóla ég á götum.“

Bjarni heldur sig við hjólreiðastíga þess á milli. „Það er alger snilld hvað borgin er búin að gera með hjólastíga í Fossvoginum. Það á að leggja samfelldan hjólreiðastíg úr Grafarvogi alveg niður á Hlemm. Mosfellsbær er að klára sína hjólaleið með fram Vesturlandsvegi.“

„Hjólreiðamönnum hefur fjölgað mikið því bensínverð er orðið svo hátt og fólk vill vera í betra formi. Yfirvöld ættu að íhuga að stytta hjólaleiðirnar enn þá frekar. Þær eru of hlykkjótta oft á tíðum og fólk vill komast sem stysta leið í vinnuna,“ segir Bjarni að lokum.

birgirh@frettabladid.is

Læstu sig inni á salerni:

Komust óséðir um borð í flugvél Icelandair

LÖGREGLUMÁL Tveir alsírskir hælisleitendur laumuðu sér um borð í flugvél Icelandair á Keflavíkurflugvelli í fyrrinótt. Vélín var á leið til Kaupmannahafnar og piltarnir höfðu læst sig inni á salerni vélarinnar þegar þeir voru handteknir.

Við yfirheyrslur greindu þeir frá því hvernig þeir komust inn á flugvallarsvæðið en upplýsingar um það fást ekki frá yfirvöldum. Málið er litið alvarlegum augum.

Piltarnir, sem dvelja nú á gistiheimilinu Fiti í Reykjanesbæ, sögðust vera sautján ára – fæddir 1995 – en í ljós hefur komið að þeir eru eldri. Þeir eru meðal hælisleitenda sem komust í fréttir fyrir í sumar sökum ungs aldurs.

- sh

Borgarahreyfingin tapar máli:

Skuldar 2,6 milljónir í laun

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt Borgarahreyfinguna til að greiða leikstjóranum Gunnari Sigurðssyni og kvikmyndagerðarmanninum Herberti Sveinbjörnssyni samtals 2,6 milljónir króna í vangöldin laun.

Gunnar og Herbert, sem voru meðal stofnenda Borgarahreyfingarinnar árið 2009, voru báðir ráðnir til flokksins vorið 2011 til að sjá um kynningarmál. Í samningnum fólst að þeir skyldu útbúa myndbönd til kynningar á stefnumálum hreyfingarinnar.

Þeir luku aldrei verkinu vegna ágreinings við stjórnina en töldu sig þó eiga inni laun. Dómurinn er sammála því mati og dæmir Gunnari 1,1 milljón og Herberti 1,6 milljónir.

- sh

Framkvæmdir komnar á fullt við byggingu framhaldsskólahúss í Mosfellsbæ:

Troðfullur skóli bíður húsnæðis

MENNTUN „Við vonumst til að geta hafið vorönn 2014 í nýja húsinu og það er mikil tilhlökkun bæði hjá nemendum og starfsfólki.“

Þetta segir Guðbjörg Aðalbergsdóttir, skólameistari Framhaldsskólans í Mosfellsbæ, um nýtt skólahús sem nú er í byggingu í miðbæ Mosfellsbæjar.

Framhaldsskólinn hóf starfsemi árið 2009 og hefur hingað til verið starfræktur í húsinu Brúarlandi. „Við höfum vaxið ansi hratt,“ segir Guðbjörg. „Við erum nú með um 270 nemendur og höfum enda sprengt utan af okkur húsnæðið og nýtum okkur nú allt húsnæði sem við getum í nágrenninu á meðan við bíðum eftir nýja húsinu.“

Fyrsta skóflustungan að húsinu var tekin um miðjan síðasta mánuð og er jarðvegsvinna komin á fullt.

Húsið verður rúmíur fjögur



FRAMKVÆMDIR Eykt hefur hafið framkvæmdir við nýbyggingu Framhaldsskólans í Mosfellsbæ. Verklok eru áætluð fyrir árslok 2013.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

þúsund fermetrar að flatarmáli og getur sinnt allt að 500 nemendum. Ráðgert er að taka það í notkun í upphafi árs 2014.

Byggingin er hönnuð með umhverfissjónarmið og sjálfbærni að leiðarljósi.

- þj

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!

Opnðu eyrun þyrr tekibærunu

HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is



Tómatsósa fer yfirleitt undir, en sumir vilja setja hana báðum megin.

Sinnepið skal ávallt vera ofan á pylsunni, það er óskrifuð regla.



Brauðið þarf að vera volgt og mjúkt.

Sumum finnst hrár laukur of bragðmikill á pylsu, en sitt sýnist hverjum.

Lína af remúlaði gleður alla sanna sælkera.

Steiktur laukur er ómissandi á pylsunna.

Þetta kallast þjóðlegir siðir

Hafðu fjölbreytni í fyrirrúmi í sumar. Grillaðu pylsur frá öllum heimsins hornum og upplifðu þig sem sannan heimsborgara í garðinum heima.



Amerískar pylsur. Með eplum og kanil.



Ítalskar pylsur. Grillpylsur með ítölskum kryddkeim.



Pólskar pylsur. Bragðgóðar og kjötmiklar.



Ostapylsur. Ómóttstæðilegar á grillið, af frönskum ættum.



Sumarpylsur. Færa þér sumarið frá Rínarlöndum.



Bratwurst. Frábærar á grillið.



Léttar vinarpylsur. Á léttum nótum.



SS vinarpylsur. Þessar ómissandi.



Danskar pylsur. Vi er røde.

Ertu að leita
upplýsinga?
www.suzuki.is



Way of Life!

Ein besta tilfinning sem ég þekki er
að fara á æfingu snemma morguns.
Sjá borgina og náttúruna vakna,
reima á mig skóna og hlaupa inn
í nýjan dag.
Ég finn líkamann taka við sér, og
hlakka til að takast á við daginn.

Kári Steinn Karlsson
maraðonhlaupari

SUZUKI bílar hf. styðja Kára Stein Karlsson
maraðonhlaupara

Hugtök Markaðsráðgjöf, Júní 2012

Suzuki Swift – kraftur, öryggi, úthald



Verð frá 2.550 þús.
Eyðsla frá 5,0L/100km
(í blönduðum akstri, beinskiptur)
CO₂ 116g/km

Einn vinsælasti billinn á Íslandi undanfarin ár
enn betri og flottari - stærri og rúmbetri og með
einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél. Býðst beinskiptur
og sjálfskiptur og einnig með fjórhjóladrifi beinskiptur.
Swiftinn hlaut 5 stjörnur í N-CAP öryggisprófuninni og kemur með
ESP stöðugleikakerfi og 7 öryggisloftpúðum sem staðalbúnaði.

Komdu og reynsluaktu

FYRIR SKYNSAMT FÓLK



TRÁUST UMBOD
Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS

KJÖRKASSINN



Ert þú bjartsýnni á horfur í efnahagsmálum en í upphafi árs?

Já	35%
Nei	65%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ferð þú á útihátíð í sumar?

Segðu skoðun þína á Visir.is.



6

Úttekt á dauðsföllum í umferðarslysum í ESB, Noregi og á Íslandi:

Mikill árangur á síðustu árum

SLYS Dauðsföll vegna umferðarslysa á Íslandi eru 40,6 talsins á hverja milljón íbúa, samkvæmt úttekt Umferðarstofu á dánartíðni af völdum umferðarslysa í 29 löndum, aðildarríkjum ESB, Íslandi og Noregi á tímabilinu 2007 til 2011.

Þar kemur fram að Ísland er með fimmtu lægstu dánartíðnina. Holland stendur best með 37,6 dauðsföll á hverja milljón íbúa, Bretland er í öðru sæti, Svíþjóð í þriðja og Malta í fjórða.

Verst er ástandið í Litháen þar sem 131,8 einstaklingar af hverri milljón létust í umferðarslysum.

Í tilkynningu frá Umferðarstofu segir að þessar tölur leiði í ljós mikinn árangur í fækkun banaslysa hér á landi. Á árunum 2002 til 2006 var stuðullinn 84,4 og Ísland var í níunda sæti. Þó mikið hafi unnist í þessum málum í mörgum ESB-ríkjum sýna tölurnar engu að síður að árangurinn hér á landi sé mun meiri síðustu ár.

Þrátt fyrir það eru dauðsföll af völdum umferðarslysa enn þá ein algengasta dánarorsök Íslendinga á aldrinum 16 til 24 ára.

- þj



ÞÖRF ÁMINNING Þrátt fyrir að margt hafi unnist í baráttunni gegn banaslysum í umferðinni á Íslandi má enn gera betur.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Saga Akraness heldur áfram:

14,5 milljónir fyrir ritunina

AKRANES Akraneskaupstaður áætlað að greiða Gunnlaugi Haraldssyni sagnfræðingi 14,5 milljónir króna fyrir ritun þriðja bindis Sögu Akraness. Samkvæmt samningi eru honum ætlaðar 66 vikur til verksins til að undirbúa ritið fyrir prentun og verktakagreiðslur upp á 880 þúsund krónur á mánuði á því tímabili. Tekið er þó fram að ef ekki verði fjárhagslegar forsendur til að halda verkinu áfram á næsta ári og á árinu 2014 muni bærinn gera Gunnlaugi grein fyrir þeim breytingum.

- gar

BYLGJAN 25 ÁRA 989

Heimir & Kolla vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Mikið úrval frábært verð!

Verðdæmi 125 mm hjól f / 90 kg

550kr.

vnr: J71125



Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ
Akureyri
Húsavík
Vestmannaeyjum



MURBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

25.000 nýir borgar- búar vestan Elliðaáa

Gert er ráð fyrir að Reykvíkingum fjölgi um 25 þúsund fyrir 2030. Þetta á byggð með 14.500 nýjum íbúðum vestan Elliðaáa, eða 800 íbúðum á ári næstu 18 árin að meðaltali. Kynna á áætlun um 250 íbúðir á Mýrargötusvæði í vikunni.

SKIPULAGSMÁL Aðalskipulag Reykjavíkur gerir ráð fyrir að borgarbúum fjölgi um að minnsta kosti 25.000 á næstu 18 árum. Reisa á 14.500 íbúðir fyrir árið 2030 til að mæta þeirri fjölgun.

Unnið verður að því að þetta byggð og verða þær því allar vestan Elliðaáa. Í bæklingi um aðalskipulagsvinnuna, en nú stendur yfir endurskoðun á því, segir að miðað sé við að allt að 90% nýrra íbúða risi innan núverandi þéttbýlismarkna.

Stærstu uppbyggingsvæðin eru í Vatnsmýri við Mýrargötu og í Elliðaársvogi. Þá verður byggð þétt á öðrum vannýttum svæðum.

„Skipulag bygginga, gatna og opinna svæða verður samtvinnuð á heildrænan hátt með borgarmiðað gatnakerfi að leiðarljósi. Íbúðir, skrifstofur, verslun og þjónusta verður að finna innan sömu götu-reita. Byggðin verður almennt 3-5 hæðir og íbúðarþéttleiki um 60 íbúðir/ha,“ segir í bæklingnum.

Hjálmar Sveinsson, varaformaður skipulagsráðs, segir mörg rök liggja fyrir því að stöðva útþenslu borgarinnar og byggja inn á við. Götur Reykjavíkurborgar séu yfir 1.000 kílómetrar að lengd og reksturinn dýr eftir því.

„Allar kannanir á markaði segja okkur að straumurinn liggja inn í borgina. Við sem borgaryfirvöld hljóttum að svara því.“

Hjálmar segir að nú þegar sé hafin uppbygging í Vatnsmýri sem falli vel að áherslum aðalskipulagsins.

„Þar vísa ég til 280 stúdentaíbúða sem byrjað er að byggja í Vatnsmýrinni. Þá er Búseti búinn að kynna fyrirætlanir um reit við Einholt og Þverholt, en þær ganga út

Borgin við Sundin

Stefna um þróun borgarinnar til vesturs, um þéttu, fjölbreytta og blandaða byggð á Nesinu og við Sundin

Við gerum ráð fyrir...

+25.000

fleiri Reykvíkingum til ársins 2030

+14.500

Íbúðum til að mæta íbúðafjölgun og breyttum

húsnæðisþörfum til ársins 2030



Við gerum ráð fyrir...

6.900 íbúðum í Vatnsmýri

2.000 íbúðum í miðborginni

3.200 íbúðum við Elliðaársvog

NÝBYGGINGAR Reisa á 14.500 nýjar íbúðir til að mæta fjölgun Reykvíkinga. Þar af eru tæplega 7.000 í Vatnsmýrinni.

á allt að 250 íbúðir. Þá má búast við að fljótlegra gerist eitthvað á Hampiðjureitnum og vonandi kynnum við í borgarráði nýtt rammaskipulag fyrir Hafnarsvæðið frá Sjóminjasafni að Hörpu í þessari viku. Á Mýrargötusvæðinu geta risið 250 íbúðir.“

Stýrihópur skipaður fulltrúum allra flokka hefur unnið að aðalskipulagsvinnunni og hefur hún verið kynnt á hverfisfundum. Þá vinnur skipulagssvið að frekari útfærslu. Vonast er til að ráðherra staðfesti skipulagið fyrir vorið.

kolbeinn@frettabladid.is

Vatnsmýri

„Vatnsmýri byggist upp í áföngum eftir því sem land losnar undan flugvallarstarfsemi. Miðað við forsendur um þéttingu byggðar og vaxtarhraða, þá er ekki brýn þörf á að losa allt land í Vatnsmýrinni fyrr en á seinni hluta skipulags-tímabilsins.“

Úr bæklingi um aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030

Basel bíður eftir þér

Verð frá:

19.900 kr.*

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum. Takmarkað sætaframboð og valdar dagsetningar.



Iceland Express

-lækkar verð

Ármúla 7 | 108 Reykjavík | 5 500 600 | www.icelandexpress.is

Uppi eru hugmyndir um að reisa nýjar byggingar á Keflavíkurflugvelli:

Gamla flugstöðin verður rifin

SAMGÖNGUR Stjórn Isavia hefur samþykkt að láta rífa tvær byggingar á Keflavíkurflugvelli.

Gamla flugstöðin á vellinum verður rifin á næstunni, en hún stendur á verðmætri lóð þar. Friðþór Eydal, upplýsingafulltrúi Isavia, segir að flugstöðin sé ónýtt. Upp hafa komið hugmyndir um að byggja þjónustubyggingu fyrir einkaflugvélar þar sem flugstöðin stendur nú.

Þá verður ein stærsta byggingin á Suðurnesjum rifin ef ekki finnst hentug starfsemi í hana. Byggingin er flugskýli 885 á flugvellinum. Frá því að Bandaríkja-

her yfirgaf landið fyrir sex árum síðan hefur skýlið staðið autt meira og minna og engin hentug starfsemi fundist í staðinn að sögn Friðþórs. Verkefni sem hugmyndir hafa verið uppi um kæmu inn í húsið hafa ýmist verið of lítil eða of stór fyrir það. Nú sé verið að kanna hvort í raun sé hægt að koma starfsemi þangað inn, en byggingin er rúm 17 þúsund fermetrar.

Byggingin er því dýr í rekstri auk þess sem hún þarfnast endurbóta sem munu kosta mikið. Ekki er gert ráð fyrir að niðurrif hennar muni kosta mikið að sögn



KEFLAVÍK Engin starfsemi hefur verið í flugskýlinu við Keflavíkurflugvöll síðan herinn fór árið 2006.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Friðþórs, enda munu þar falla til allt að 4.500 tonn af stáli sem fari til endurvinnslu.

- þeb

heilir Sturtuklefar

Hert öryggisgler allan hringinn • Sturtusettt fylgir

**SUMAR
Verð!**

til
afgreiðslu
af lager

Heill
lokaður
homlisti



SUMARverð!
56.900

SUMARverð!
58.900

HERT ÖRYGGISGLER

HERT ÖRYGGISGLER

Lausar hlífar framan á botni

Lausar hlífar framan á botni

RÚNNADUR STÆRÐIR: 80x80 og 90x90

KANTADUR STÆRÐIR: 80x80 og 90x90

www.i-t.is

Verslið
þar sem úrvalið
er mest!

**INNRETTINGAR
& TÆKI**

- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

90 ár frá því að Ingibjörg H. Bjarnason settist á þing



MERKAR KONUR OG BRAUTRYÐJENDUR Frá vinstri: Ingibjörg Benediktsdóttir, fyrrverandi forseti Hæstaréttar, Guðrún Erlendsdóttir, fyrrverandi hæstaréttadómari, Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti, Salome Porkelsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir og Sólveig Pétursdóttir, núverandi og fyrrverandi þingforsetar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fjöldi kvenna fagnaði 90 ára áfanga

Hátíðarsamkoma var haldin í Alþingishúsinu í gær til að minnast þess að 90 ár eru liðin frá því að fyrsta konan, Ingibjörg H. Bjarnason tók sæti á Alþingi fyrst kvenna.

Fjöldi kvenna mætti á hátíðarsamkomu í Alþingishúsinu í gær í tilefni þess að 90 ár eru liðin frá því að fyrsta konan, Ingibjörg H. Bjarnason var kjörin til setu á Alþingi. Alls hafa 230 konur setið á Alþingi síðan og mættu 123 konur til samkomunnar.

Kristín Ástgeirsdóttir sagnfræðingur og Helga Guðrún Jónasdóttir

„Hún var fyrst, hún var ein og hún var ekki boðin velkomin af öllum í söllum Alþingis.“

stjórnfræðingur héldu erindi á samkomunni. Kristín sagði að Ingibjörg hefði ekki verið tekið fagnandi á Alþingi.

„Hún var fyrst, hún var ein og hún var ekki boðin velkomin af öllum í söllum Alþingis.“

Hún fékk að heyrna athugasemdir sem beindust að útliti hennar, aldri og þeirri staðreynd að hún var gift og barnlaus. Hún var ásökuð um svik við málstað kvenna og hún var

beitt þöggun,“ sagði Kristín í ræðu sinni.

Velferðarmálin voru Ingibjörgu hugleikin og lagði hún til að mynda mikla áherslu á byggingu Landspítalans.

„Þótt nokkrar tillögur Ingibjörgar hafi verið samþykktar var andstaðan og þögnin sem ríkti um aðrar og mun mikilvægari tillögur hennar áberandi síðustu árin hennar á þingi. Þar má til dæmis nefna stórmerkar tillögur um að hæfar konur yrðu skipaðar í allar opinberar nefndir árið 1927,“ sagði Kristín.

Þessi tillaga var samþykkt í efri deild þingsins eftir töluvert andóf en var felld umræðulaust í neðri deildinni.

Helga Guðrún benti á að konur í dag væru oft að glíma við svipuð vandamál og Ingibjörg gerði á sínum tíma.

„Forsendurnar eru ekki þær sömu og umbúnaðurinn er annar. En þessar breytingar ná aðeins til ytra byrðisins. Innra byrðið stendur enn óhaggað, karlakúltúr stjórnmalanna.“

Helga Guðrún benti á að enn væru konur að brjóta múra.

„Að konum hafi reynst nær ógjörningur að gegna stöðu



FALLEGIR TÓNAR Kvennakórinn Vox feminae söng á hátíðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

forsætisráðherra hefur sem dæmi verið haft til marks um sterka stöðu karla í stjórnmalunum. Það var jú ekki fyrr en 2008 eða heilli öld eftir fyrsta kvennaframboðið sem Jóhanna Sigurðardóttir varð fyrst kvenna forsætisráðherra.“

Helga Guðrún sagði að baráttumálin hefðu þó breyst.

„Baráttan snýst ekki lengur um

aðgang kvenna að stjórnkerfinu og rétt á völdum, heldur að beiting valds að hálfu kvenna öðlist viðurkenndan sess.“

Að þær séu jafnvel til þess fallnar að stjórna og karlar, að móðirin, konan og meyjan verði trúverðugar í hlutverki valdsmannsins, þvert á viðurkennd viðhorf karlastjórnmalanna.“

katrin@frettabladid.is

Er karllæg menning á þingi?

Oddný G. Harðardóttir, fjármálaráðherra

„Ég held að við verðum allar varar við svona lagað. En hins vegar tóku þessar konur, sem ruddu brautina, mesta skellinn. Það eru fyrirmyndirnar þarna sem skipta mestu máli.“

Margrét Tryggvadóttir, þingmaður Hreyfingarinnar

„Ég er í þingflokki sem er skipaður meirihluta kvenna og þegar ég kom hingað inn voru allir forsetar þingsins konur og nær helmingur þingmanna. Ég held að andrúmsloftið hljóti að hafa breyst síðan Ingibjörg var á þingi. En ég hef einhvern veginn lítið rekið mig á karlaveldið í lífinu.“

Byggðu þig upp og stefndu hátt!



Taktu næringarríkar Build-up súpur með í fjallgönguna í sumar.

Konur urðu ekki þriðjungur fyrr en um aldamótin

Ingibjörg H. Bjarnason fæddist þann 14. desember 1867 og var frá Þingeyri við Dýrafjörð. Hún tók Kvinnaskólapróf árið 1882 og rúmum tíu árum síðar lauk hún leikfímiprófi frá Poul Petersens Institut í Kaupmannahöfn fyrst Íslendinga. Hún kenndi leikfimi og dans eftir heimkomu en fór aftur erlendis og kynnti sér skólahald meðal annars í Þýskalandi og Sviss. Frá 1903 var hún kennari við Kvinnaskólann í Reykjavík og var svo forstöðukona hans frá árinu 1906 og til æviloka.

Hún tók sæti á Alþingi eftir landskjör árið 1922 fyrir Kvinnalistann eldri. Hún gekk síðar í raðir íhaldsmanna og svo sjálfstæðismanna. Hún var annar varaforseti efri deildar þingsins árin 1925 til 1927. Hún hætti á þingi 1930 og lést árið 1941.

Guðrún Lárusdóttir var næst kvenna til að setjast á þing árið 1930, þar sem hún sat til æviloka árið 1938. Frá andláti hennar og fram til 1946 sat engin kona á þingi, en Katrín Thoroddsen var kjörin á

þing það ár. Kristín L. Sigurðardóttir og Rannveig Þorsteinsdóttir voru næstar til að setjast á þing, kjörtímabilið 1949 til 1953. Ragnhildur Helgadóttir var svo sjötta konan til að setjast á þing árið 1956 og Auður Auðuns, sem síðar varð fyrsta konan til að gegna ráðherraembætti, varð þingmaður árið 1959. Auður var ein á þingi frá 1963 til 1971, en þá settist Ragnhildur aftur á þing auk Svövu Jakobsdóttur. Þá náðu konur í fyrsta sinn að verða fimm prósent þingmanna. 1974 hætti Auður en Sigurlaug Bjarnadóttir varð niunda konan til að setjast á þing. Árið 1978 settist Jóhanna Sigurðardóttir á þing og varð tíunda konan til þess.

Guðrún Helgadóttir og Salome Porkelsdóttir settust á þing 1979, en hlutfall kvenna á þingi hækkaði ekki upp fyrir fimm prósentin fyrr en á kjörtímabilinu eftir það, þegar Kvinnalistinn bauð fram árið 1983. Þá fór hlutfall kvenna á þingi upp í fimmtán prósent.



INGIBJÖRG H. BJARNASON

Það var ekki fyrr en um aldamótin sem konur urðu meira en þriðjungur þingmanna á Alþingi, en það gerðist í kosningunum árið 1999. Í síðustu kosningum voru konur svo 42,9 prósent kjörinna þingmanna, sem er hæsta hlutfall frá upphafi. Á þessu kjörtímabili urðu einnig þau tímamót í fyrsta sinn að kynjahlutföll í ríkisstjórn voru jöfn.

Alls hafa 82 konur verið þingmenn á Alþingi, en fjöldi varaþingmanna skiptir hundruðum.

- þeb

SUMARLEIKUR ATLANTSOLÍU

NOTAÐU ATLANTSOLÍULYKILINN
OG ÞÚ GETUR FENGIÐ ÁFYLLINGUNA

ÓKEYPIS.

ÞAD ER NÚ ALDEILIS EKKI BRÁÐÓNÝTT
Á HVERJUM DEGI TIL 6. ÁGÚST Í SUMAR FÆR
EINN DÆLULYKILSHAFI ÁFYLLINGUNA ENDURGREIDDA.

LENGI LIFI
SAMKEPPNI



SÆKTU UM DÆLULYKIL Á WWW.ATLANTSOLIA.IS

Atlantsólía var stofnuð til að veita stóru olíufélögnum samkeppni.
Við rufum einokun olíurisanna þriggja árið 2003 og höfum haldið
keppinautunum við efnið síðan.

Atlantsólía | Lönsbraut 2 | 220 Hafnarfjörður | Sími 591-3100

Dælulýkill gefur afslátt hjá þessum frábæru fyrirtækjum:




FRÉTTAVIDTAL: Makrílveiðar Íslendinga

Of mikil makrílveiði er áhættusöm

Ekki hafa náðst samningar um skiptingu makrílkvóta og árið 2011 var veitt tæplega 300 þúsund tonnum meira en fiskifræðingar lögðu til. Steingrímur J. Sigfússon sjávarútvegsráðherra segir mikilvægt að ná samningum. Það verndi stofninn, geri veiðar öruggari og styrki orðspor íslensks sjávarútvegs.

Makrílveiðar 2011



Hvorki gengur né rekur í viðræðum um veiðar úr makrílstofninum. Sjávarútvegsráðherra Norðurlandanna funduðu hér á landi fyrir skemmstu og á orðum sjávarútvegsráðherra Íslands og Noregs má ljóst vera að enn ber mikið á milli deila.

Evrópusambandið (ESB) og Noregur viðurkenndu ekki stöðu Íslendinga sem strandveiðipjóðar að makríl fyrir en 2010. Sú viðurkenning hefur þó ekki liðkað mikið til fyrir samningum. Alþjóðahafrannsóknaráðið lagði til 640 þúsund tonna makrílkvóta fyrir árið 2011 og Norðmenn og ESB tóku sér þegar 90% af þeim kvóta. Makrílflinn þá árið nam 930 þúsund tonnum.

Veruleiki íslensks lífríkis

Steingrímur J. Sigfússon, ráðherra sjávarútvegs mála, segir að Íslendingar eigi ríkan rétt til makrílveiða. Hann hafi lengi látið á sér kræla í íslensku lögsögu og rannsóknir sýni

að um 1,1 til 1,2 milljónir tonna sé þar að finna nokkra mánuði ársins.

„Þyngdaraukningin er gríðarleg, kannski 650 þúsund tonn. Við getum því sagt sem svo að við veiðum ekki nema um þriðjung af því sem makrílstofninn sem hér er á beit þyngist um árlega.“

Steingrímur segir mótaðilana benda á að þessi staða sé nýtilkomin, en þetta sé engu að síður veruleiki sem verði að horfast í augu við.

„Þetta er veruleiki í okkar lífríki sem við verðum að horfast í augu við og ganga út frá. Stofninn er í miklum mæli innan okkar eigin sér-efnahagslögsögu, er hér á fóðrum og fyrirferðarmikill í lífríkinu.“

Það er engin leið að við eigum að fóðra hann hér í íslensku lögsögunni en megum sáralítið eða ekkert veiða hann. Þess vegna verður kerfið að geta aðlagð sig að og brugðist við breyttum aðstæðum.

Þar stendur hnífurinn í kúnni og það ber mjög mikið á milli þess sem við erum að veiða og höfum verið

að veiða og þess sem hinir hafa verið tilbúnir til að ljá máls á að við fengjum í okkar hlut.“

Ábyrgðarhluti að semja

ESB og Noregur hafa nefnt sem dæmi um sammingsvilja sinn að þau hafi aukið upphaflegt tilboð sitt til Íslendinga um 60%. Steingrímur segir lítið mál að snarauka eitthvað sem lítið sem ekkert var í byrjun, enda hafi fyrstu hugmyndirnar verið algjörlega óraunhæfar upp á nokkur prósent kvótans.

„En að sjálfsögðu viljum við lenda samningum. Við viljum ekki lenda aftur í því sem gerðist með kolmunnann, þar sem dróst mjög lengi að ná samningum og stofninn var veiddur ansi langt niður. Sem betur fer hefur makrílstofninn verið mjög sterkur og það hefur hjálpað, en það er auðvitað tekin talsverð áhætta með svona mikilli veiði umfram ráðgjöf ár eftir ár.“

Hvað sem því líður segir Steingrímur að ábyrg fiskveiðipjóð eins og Íslendingar vilji semja. Því séu stjórnvöld tilbúnin að leggja talsvert á sig til að ná samningum.

„Í fyrsta lagi í þágu verndar stofnsins. Í öðru lagi að ef það semst um tiltekinn gagnkvæman aðgang þá gerir það veiðarnar öruggari og eykur jafnvel verðmætin, því þá er hægt að sækja makrílinn þegar hann er verðmætastur. Í þriðja lagi gefum við að sjálfsögðu nokkuð fyrir það sem ábyrg fiskveiðipjóð að það semjast um nýtingu makrilsins. Það eru því ríkir hagsmunir líka fyrir Ísland að samningar náist.“

Allt byggir þetta auðvitað á því



SJÁVARÚTVEGSRÁÐHERRA Steingrímur segir hótanir um refsiaðgerðir gagnvart Íslendingum ekki léttu fyrir með samningaviðræðum. Þá sé fráleitt að blanda öðrum málum við makríldeiluna, en þar vísar hann til umsóknar Íslands að ESB.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

að saman náist um hlutdeild sem við sættum okkur við.“

Málflutningur til bólvunar

Steingrímur bendir á að vísbendingar séu um að makrill sé farinn að hrygna hér við land og ef hitastig sjávar þróist áfram í sömu átt geti makrillinn náð enn frekari fötfestu hér við land. Þess vegna verði að vanda þá samninga sem gerðir eru núna og gæta þess að semja ekki af sér.

Hann segir að allar tengingar makríldeilunnar við önnur mál geri mönnum erfiðara fyrir.

„Ég hef sagt það umbúðalaust við ESB og Noreg að þeirra endalusa

tal um refsiaðgerðir og annað slíkt létti okkur nú ekki lífið. Hvað þá að blanda þessu saman við önnur mál. Það er bara til bólvunar gagnvart því að leysa makríldeiluna.“

Auðvitað á að leysa þá deilu við samningaborðið sem sjálfstætt viðfangsefni á sanngjörnum og málefnalegum forsendum, en ekki vegna þvingunaraðgerða eða þannig að öðrum óskyldum málum sé blandað við hana.“

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is



SagaPro sannar sig
Virgni staðfest í vísindarannsókn
Rýmri blaðra · Dregur úr tíðni þvagláta · Betri svefn

Fyrir konur og karla

Með aðstoð fjölmargra þátttakenda í klíniskri rannsókn SagaMedica hefur verið staðfest að **SagaPro dregur úr þvaglátatíðni hjá þeim sem hafa óvirka blöðru og leiðir þannig til betri svefns.** Einnig að **SagaPro** er örugg vara og getur gagnast konum jafnt sem körlum.

SagaMedica þakkar öllum þeim sem gáfu sér tíma til að taka þátt í rannsókninni og sömuleiðis þeim sem hafa sýnt SagaPro áhuga og prófað vöruna.

SagaPro er náttúruvara úr íslensku ætihvönn – sæktu styrk í náttúru Íslands!

SAGAMEDICA
www.sagamedica.is

Bændur á Bjargi ósáttir við vinnubrögð Bauhaus: Þakplöturnar hækkuðu um 150 prósent í verði

VERSLUN Bændurnir á Bjargi í Hrunamannahreppi, þau Jónína Kristinsdóttir og Karl Jónsson, ræddu við einn starfsmann Bauhaus um kaup á 3,5 metra bárujárnspötum þegar annar starfsmaður kom aðvifandi og hækkaði verðið á plötunum um 150 prósent.

Hjónunum var tjáð að um mannleg mistök hefði verið að ræða, plöturnar í hillunni hefðu verið vitlaust merktar.

Fyrir höfðu plöturnar kostað 2.995 krónur en nýja verðið hljóðaði upp á 7.490 krónur. Munurinn nemur 150 prósentum.

„Þegar hann hækkaði þetta svona fyrir framan nefið á mér þá féllust mér alveg hendur,“ segir Jónína.

Þar sem hjónin ætluðu að kaupa 57 plötur hækkaði heildarupphæðin úr 170.715 krónum og í 426.930 krónur.

„Ég hélt að þó að þeim hefðu orðið á mannleg mistök þá ætti kúnninn ekki að líða fyrir það,“ segir Jónína og Karl bætir við þau hafi haldið að það væru lög í landinu sem segðu að hilluverð gildi.

Þess má þó geta að lokaverð Bauhaus er talsvert hagstæðara en hjá bæði Byko og Húsasmíðjunni þar sem svipaðar plötur kosta 8.645 krónur í stykkjaverði á báðum stöðum.

Halldór Sigurðsson, framkvæmdastjóri Bauhaus, harmar atvikið en segir að öllum geti orðið á mannleg mistök. Stundum séu vörur vitlaust verðmerktar og þá sé það bara lagað.

„Við reynum að koma til móts við fólk að einhverju leyti í svona tilvikum. En í þessu dæmi er þetta náttúrulega svolítið mikill munur.“

Ef það eru einhver svona mannleg mistök reynum við að gera okkar besta til að laga hlutina að einhverju leyti,“ segir Halldór en bætir við að skoða þurfi hvert tilvik fyrir sig.



BAUHAUS Halldór Sigurðsson, framkvæmdastjóri Bauhaus, segir það koma fyrir að vörur séu vitlaust verðmerktar. Það séu mannleg mistök og þau séu einfaldlega leiðrétt. Ekki sé ætlunin að plata kúnnann með neinum hætti.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samkvæmt upplýsingum frá bæði Neytendastofu og Neytendasmáttökunum er ekki víst að starfsmenn Bauhaus hafi gerst brotlegir við lög.

Almenna reglan er sú að verslanir skuli selja vörur og þjónustu á því verði sem verðmerkt er, líka þó um mistök sé að ræða. Þetta gildir þó ekki ef sjá má, eða það ætti að sjást, að um mistök sé að ræða.

Hvort það sé tilfellið hér er álítmál enda mikill munur á verði fyrir og eftir breytingu. Úr því færst ekki skorið nema ef send verður kvörtun eða erindi til Neytendastofu.

- ktg



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

ISLENSKAVASTUDY 0023 0712



Og borgin varð orðlaus. Nýr Yaris Hybrid.

Umferðarljósinn stoppa og stara á hann renna hljóðlaust hjá. Stöðumælarnir kyngja klínki af aðáun meðan bensíndælurnar stinga fingrum í eyrun og láta sem hann sé ekki til. Fimmtán ára þróun Toyota á hybrid-tækninni hefur skilað sér í þessum hljóðláta snillingi, nýjum Yaris Hybrid sem með lágmarksútblæstri (79g/km) og aðeins 3,5 lítrum á hundraðið líður hávaðalaust um stræti og torg.

Nýr Yaris Hybrid. Sjáðu borgina þagna.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi

Verð: 3.490.000 kr.



Notar aðeins frá 3,5 lítrum
á 100 km í blönduðum akstri.



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

90 ár síðan fyrsta konan settist á Alþingi:

Þingið endurspeglir þjóðina

Þess var minnst um helgina að níutíu ár eru liðin frá því að kona tók í fyrsta skipti sæti á Alþingi. Það er sem sagt ekki lengra en ein mannsævi síðan Ingibjörg H. Bjarnason settist á þing og braut blað í sögunni.

Ingibjörgu var ekki sérstaklega vel tekið á þingi árið 1922, enda þótti mörgum á þeim tíma fráleitt að kona tæki þar sæti. Ingibjörg fékk athugasemdir um útlit sitt, aldur og þá staðreynd að hún var ógift og barnlaus. Henni leið ekki vel á þingi og hætta að lokum. Skömmu síðar skrifaði hún grein í Lögréttnu þar sem hún sagði

fyrstu konurnar, brautryðjendurnar, auðvitað verða fyrir hnjaski aðeins vegna þess að þær væru konur. Slíkt mætti þó ekki setja fyrir sig.

Konur voru mjög lengi lítill hluti af þingmönnum og þær náðu ekki upp fyrir fimm prósent þingmanna fyrr en Kvinnalístin seinni bauð fram í kosningum árið 1983. Fram að því höfðu mest þrjár konur setið á sama tíma á þingi. Með tilkomu Kvinnalístans neyddust aðrir flokkar til þess að bjóða fram með konur á sínum listum, og konur urðu fimmtán prósent þingmanna frá 1983. Hlutfallið hefur hækkað jafnt og þétt upp frá því. Það var þó ekki fyrr en í kosningunum 1999 sem konur urðu meira en þriðjungur þingmanna. Upp fyrir fjórutíu prósentin varð ekki komist fyrr en í síðustu kosningum og enn eignum við eftir að sjá þing koma saman þar sem kynjahlutföll eru jöfn. Samt sem áður hefur Ísland náð einna mestum árangri í jafnréttismálum.

Það er eðlileg krafa að þjóðþing endurspeglir þjóðina. Þess vegna er bæði eðlilegt og sjálfsagt að konur og karlar séu nokkurn veginn í jöfnum hlutföllum á þingi. Rannsóknir benda til þess að það skipti mjög miklu máli að konur hafi áhrif í stjórn-málum. Þær leggja oft áherslu á önnur mál en karlar. Konur á þingi hafa til dæmis alla tíð beitt sér fyrir málum sem skipta konur máli, eins og réttindi kvenna og barna. Árið 1922 þótti konum til að mynda vanta talsmann velferðarmála inn á þing og í ávarpi kosninganeftir kvenna var minnt á að konur sæju heiminn öðrum augum en karlar.

Stjórnmalaflokkar eru flestir meðvitaðir um mikilvægi þess að hafa fulltrúa beggja kynja í sínum röðum og því þarf líklega ekki að hafa miklar áhyggjur af því að konum fari fækkandi á ný. En þar með er björninn ekki unninn að fullu. Stjórnmalin eru enn talsvert karllæg. Helga Guðrún Jónasdóttir formaður Kvenréttindafélags Íslands orðaði það sem svo í sínu erindi í gær að baráttan snúist ekki lengur um aðgang kvenna að stjórnkerfinu og rétt á völdum, heldur um það að beiting valds af hálfu kvenna öðlist viðurkenndan sess – að konur séu jafnvel til þess fallnar að stjórna og karlar.

Það er holl og þörf áminning að rýna í söguna og rifja upp hversu margt hefur breyst til batnaðar á ekki lengri tíma en einni mannsævi. En tímamót eins og þau sem minnst var um helgina eru líka áminning um allt sem enn á eftir að breyta.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAÐI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

VINNUR ÞÚ GLÆSILEGT WEBER GRILL?

Þú grípur einfaldlega pakka af uppáhalds Maryland kexinu þínu og gætir um leið eignast glæsilegt grill!



2 x Weber E310
kr. 132.990



28 x Weber Smokey Joe
kr. 16.950



Maryland
– gott alla leið

ER VINNINGSKIFA Í PAKKANUM ÞÍNUM?

FRÁ DEGI TIL DAGS

Amast við eftirliti
Vigdís Hauksdóttur, þingmaður Framsóknarflokksins, virðist vera í nöp við eftirlit. Í samtali við DV sagðist hún efast um allan „eftirlitsiðnaðinn“, en það er hugtak sem þeim sem hafa þurft að greiða fyrir auknið eftirlit með starfsemi sinni er tamt að nota. Að hennar mati má leggja allan eftirlitsiðnaðinn af, að frátöldu Fjármálaeftirlitinu, sem hún vill reyndar minnka mjög að umfangi. Fáir Vigdís að ráða, verði til að mynda ráðherra í næstu ríkisstjórn,



Ný markaðsherferð?

Og hvað með blessaðan fiskinn okkar sem við höfum haft svo mikið fyrir að fá umhverfsvottun á? Eða lambkjötið, sem er nú Framsóknarflokknum hugleikið. Við yrðum líklega að hanna nýja auglýsinga-herferð. „Borðið


islenskan fisk, ekkert eftirlit hefur haft með framleiðslu hans.“ „Íslenska lambkjötið. Hanterað án alls eftirlits.“

Sértæk fyrirspurn

Birki Jóni Jónssyni, kollega Vigdísar, var að berast svar frá forsætisráðherra við fyrirspurn sinni, sem var býsna sértæk. Hann vildi fá að vita hve mörg störf hefðu verið auglýst „án staðsetningar“ hjá forsætisráðuneytinu og undirstofnunum frá 1. júní 2009 til 1. júní 2012. Svarið er skýrt, engin.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR



Lopapeysur og viðskiptahættir

Viðskipti



Regína Ásvaldsdóttir
framkvæmdastjóri Festu, miðstöðvar um samfélagsábyrgð fyrirtækja

Að undanfögnu hafa borist fréttir af framleiðslu „íslensku“ lopapeysunnar í Kína og Taívan og mótmælum, meðal annars frá Handþrónasambandi Íslands, þar sem þess er krafist að merkingar á peysunum séu skýrar. Íslenska lopapeysan er í hugum margra nátengd sögu handverks hér á landi, þótt sú saga sé ekki löng. Það má ef til vill bera hana saman við kampa-vínið en enginn framleiðandi freyðivíns má kalla vínið sitt því nafni, nema það komi frá Champagne-héraði. Deilur af þessum toga eru ekki nýjar af nálinni í viðskiptalífnum. Alþjóðavæðingin hefur opnað fyrir frjálst flæði vöru og þjónustu og íslenskir hönnuðir, eins og aðrir, velja í síaukunum mæli að senda framleiðslu til láglaunasvæða, sérstaklega ef um magnframleiðslu er að ræða.

Íslenskt handverksfólk getur snúið vörn í sókn til að auka samkeppnishæfni sína. Til dæmis með því að merkja ræki-lega framleiðsluferil lopapeysa sem eru þrónaðar hér á landi. Miðla upplýsingum um hvaða efni er notað í vöruna, hvernig hún er framleidd og hvar. Neytendur eru í vaxandi mæli farnir að huga að samfélagsábyrgð. Í því felst aðbúnaður og

mannréttindi starfsmanna, síðareglur og góðir viðskiptahættir.

Alþjóðleg samtök um samfélagsábyrgð eins og GRI, Global Reporting Initiative, hvetja fyrirtæki til að gera árlega skýrslu sem tekur á öllum þáttum í kringum framleiðslu á vöru eða þjónustu. Ef vara er framleidd á láglaunasvæðum þá er mikilvægt að upplýsa um það hver sé raunverulegur aðbúnaður starfsmanna. Góð viðmið eru meðal annars að launin séu í samræmi við meðallaun í viðkomandi landi. Stór fyrirtæki í framleiðslu á útivistarfatnaði, svo sem Patagonia, hafa verið til fyrirmyndar í skráningu upplýsinga af þessum toga.

Festa, miðstöð um samfélagsábyrgð fyrirtækja, hefur staðið fyrir námskeiði í samstarfi við GRI og fleiri eru fyrirhuguð, meðal annars kynningarnámskeið í september. Það er von okkar að með aukinni fræðslu og umræðu um samfélagsábyrgð fjölgi þeim fyrirtækjum sem skrá upplýsingar um framleiðsluferil á réttan og aðgengilegan hátt og taki þannig þátt í því að auðvelda neytendum að velja vörur og þjónustu út frá siðferðilegum viðmiðunum, rétt eins og fjárhagslegum.

Alvarleg staða íslenska heilbrigðiskerfisins og greining landlæknis á ummælum

Heilbrigðismál

Porbjörn Jónsson
formaður Læknafélags Íslands



Í Fréttablaðinu þann 4. júlí síðastliðinn var frétt með fyrirspurninni „Krefst greiningar á orðum um aflimun“. Þar er sagt að landlæknir skoði, að ósk velferðarráðherra, fullyrðingar formanns Læknafélags Íslands um að fjárskortur hafi verið orsök þess að taka þurfti fót af manni. Sagt er að velferðarráðherra hafi ritað landlækni bréf og óskað eftir greiningu á ummælum sem höfð voru eftir formanni Læknafélagsins í viðtali við fréttastofu Ríkissútvarpsins í vikunni á undan.

Mér var brugðið við að lesa þessa stórkaralegu fyrirspurn. Það kom á óvart að sjá að viðtal við mig, þar sem ég ræði almennt um stöðu heilbrigðiskerfisins á niðurskurðartímum, skyldi verða velferðarráðherra tilefni til að kalla eftir sérstakri skoðun landlæknis.

Bakgrunnurinn er að Ríkissjónvarpið ræddi við ættingja manns sem hafði gengið á milli lækna í 2 ár og ýmist verið sendur heim með verkjalyf eða til sjúkrahjálfa. Hann greindist síðar með æxli í fæti og varð að taka fótinn vegna þess. Ættingjar telja að mistök hafi leitt til þessa og kenna kerfinu og niðurskurði um, ekki heilbrigðisstarfsfólkinu. Þetta er athyglisvert viðhorf því oftast er heilbrigðisstarfsmönnum kennt

um meint mistök, ekki kerfinu eða niðurskurði. Þessi afstaða ættingjanna ætti að vera velferðarráðherra og ráðuneyti hans verðugt umhugsunarefni.

Síðar tók RÚV við mig viðtal sem formann Læknafélags Íslands. Læknafélagið er fag- og stéttarfélag og gætir ekki eingöngu hagsmuna lækna heldur stendur líka vörð um hag sjúklinga. Það lá alltaf fyrir að ég gæti ekki tjáð mig sérstaklega um mál mannsins, enda veit ég ekki meira um það en aðrir. Ummæli mín yrðu almenns eðlis um niðurskurðinn og afleiðingar hans. Þetta er augljóst ef ummæli mín eru lesin: „Til dæmis á mínum vinnustað, á Landspítalanum, þá er búið að skera niður fjárveitingarnar um meira en 20% og það liggur í hlutarins eðli að þjónustan hlýtur að vera eitthvað hægari eða lakari heldur en þegar meiri fjármunir voru til ráðstöfunar.“

Síðar segi ég: „Nei, það liggur í augum uppi að þegar svona mikið fjármagn fer í burtu og vinnuálagið eykst svona mikið, þá er almennt hættan á að eitthvað fari úrskeldis óhjákvæmilega meiri. Ég held að þetta sé orðið mjög krífskt og sparnaðurinn er búinn að ganga of langt og við verðum að snúa af óheillabraut niðurskurðar, sem leitt hefur okkur í hreinar ógöngur. Ummælin þarfnast því engrar sérstakar greiningar landlæknis eða annarra embættismanna.“

Ummæli mín eru lík ummælum annarra undanfarið. Vísa ég til Ólafs Baldurssonar, lækningaframskráðastjóra á Landspítalanum, sem sagði að fjárframlög til spítalans hefðu dregist saman um 20%, dregið hefði úr þjónustu og sífellt erfiðara verði að tryggja öryggi sjúklinga. Hann segir ekkert vit í því að halda áfram á braut niðurskurðar. Elísabet Benedikz, yfirlæknir bráðamóttöku Landspítalans, sagði í sjónvarpsviðtali að sjúklingum færi fjölgandi og komið væri að

sjónir geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir líf og heilsu fólks.

Það er samdóma álit þeirra sem fjalla um heilbrigðiskerfið að niðurskurður sé orðinn svo mikill að hann skaði heilbrigðiskerfið og ógni öryggi sjúklinga. Þetta ætti að vera yfirvöldum heilbrigðismála verulegt áhyggjuefni. Yfirvöld ættu að einbeita sér að því að efla heilbrigðiskerfið og auka fjárveitingar í stað þess að gera tortryggileg ummæli, sem sett voru fram í varnaðarskyni. Heilbrigðisráðherra er æðsti yfir-



Það á ekki að þurfa sérstaka greiningu á ummælum formanns Læknafélagsins til að komast að því hvar skórinn krepur.

